

Fyrirspurn

til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um mælingar á dilkakjöti og beitarrannsóknir í Skutulsfirði.

Frá Einari K. Guðfinnssyni.

1. Hverjar voru niðurstöður af mælingum á sl. ári á dilkakjöti sem framleitt var af bændum í Skutulsfirði og voru þær yfir viðmiðunarmörkum?
2. Gáfu þær niðurstöður tilefni til þess að slátra fé úr Engidal?
3. Verða bændum á svæðinu greiddar bætur vegna þess að þeim var gert að slátra fé sínu?
4. Hverjar eru niðurstöður beitarrannsókna sl. sumar í Engidal í Skutulsfirði?